



## Íslenska 10. bekkur 2024-2025

Á skólaárinu er ætlast til að nemendur lesi ýmiss konar texta og öðlist færni í lesskilningi og gagnrýninni hugsun með lestri, þátttöku í umræðum og verkefnavinnu, þjálfist í framsögn og því að koma fram fyrir aðra með kynningum á verkefnum. Nemendur þjálfist í að nýta þekkingu sína á bókmenntahugtökum við túlkun og mat á lesnum texta sem og myndefni og æfi um leið sjálfstæð vinnubrögð. Lagt er upp með að nemendur dýpi þekkingu sína á Íslendingasögum með lestri Gísla sögu Súrssonar og þjálfist í lesskilning, ritun og ýmis málfræðiatríði með fjölbreyttri verkefnavinnu tengdri sögunni. Einnig að nemendur hafi góða þekkingu á öllum helstu málfræðihugtökum sem kennd eru á unglingsstigi, nái færni í að rita rétt stafsetta og fjölbreytta texta í tengslum við bókmenntir og lestur.

### **Kennsluaðferðir**

Ýmsar leiðir eru farnar í kennslunni, t.d. er viðhöfð bein kennsla, einstaklingsvinna, samvinnunám og hópavinna, ritunarverkefni, skapandi verkefni og áhorf.

### **Námsefni**

Finnur III, Málfinnur, Grafarþögn eftir Arnald Indriðason, þáttaröðin Mannaveiðar, kvikmyndin Mýrin, Englar alheimsins - kvikmynd, Logar, Neistar, Útbrot, Gísla saga Súrssonar, Útlaginn – kvikmynd, Bragfræði, ljóðahefti, ljósrit frá kennara, frjálslestrarbók.

### **Námsmat**

Hópavinna, einstaklingsverkefni og kynningar eru metnar, tímaritanir og stafsetning, samvinnupróf, bragfræði-/ljóðaörkönnun, framsögn í ýmsum verkefnum.

**Kennarar** - Guðfinna Auður Guðmundsdóttir og Lilja Jóna Torfadóttir, sérkennari er Sigurlaug Hauksdóttir.